

Nd.

345. Frumvarp til laga

[166. mál]

um hækkun á bótum almannatrygginga.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969—70.)

1. gr.

Frá 1. apríl 1970 skulu árlegar fjölskyldubætur samkvæmt 15. gr. laga nr. 40/1963 vera sem hér segir:

Með fyrsta barni í fjölskyldu ..... kr. 4 356.00  
Með hverju barni umfram eitt í fjölskyldu ..... — 5 532.00

Frá 1. janúar 1970 skal fæðingarstyrkur samkvæmt 18. gr. laga nr. 40/1963 vera kr. 11 600.00 við hverja fæðingu. Frá sama tíma skulu aðrar bætur samkvæmt lögum þessum en fjölskyldubætur og fæðingarstyrkur, eftir því sem við getur átt, hækka um 5.2% frá því, sem þær voru á árinu 1969.

Allar bótafjárhæðir, sem tilgreindar eru í almannatryggingalögum og gilda eiga samkvæmt 2. málsg. þessarar greinar frá 1. janúar 1970, skulu reiknaðar í heilum krónum, og enn fremur skulu allar mánaðarlegar greiðslu reiknaðar í heilum krónum. Skal hálf króna eða stærra brot hækka í heila krónu, en minna brot falla niður.

2. gr.

Hækkun mánaðarlegra bóta samkvæmt 1. gr. fyrir fyrsta ársfjórðung 1970 skal greidd með bótum aprilmánaðar 1970.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1970 beitti ríkisstjórnin sér fyrir því, að framlög til lífeyristrygginga almannatrygginga yrðu hækkuð um 97 millj. kr. frá því, sem þau voru áætluð, er frumvarp til fjárlaga var lagt fram í þingbyrjun. Var gert ráð fyrir, að 37 millj. kr. yrði varið til hækkunar fjölskyldubóta, en 60 millj. kr. til hækkunar á öðrum bótum lífeyrisstrygginga. Skiptist þá heildarhækkun sem hér segir milli framlagsaðila:

Ríkissjóður .....	58.6 millj. kr.
Hinir tryggðu .....	19.2 — —
Sveitarsjóðir .....	10.8 — —
Atvinnurekendur .....	8.4 — —

Samtals 97.0 millj. kr.

Lagt er til, að hækkun fjölskyldubóta eigi sér stað 1. apríl og taki til barna umfram eitt í hverri fjölskyldu. Er áætlað, að með því móti geti hækkun árlegra fjölskyldubóta vegna þeirra barna, sem hér um ræðir, numið 27%.

Hækkun varð á daggjöldum sjúkrahúsa og fæðingarstofnana 1. janúar, en með þeirri hækkun fæðingarstyrks, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, nægir fæðingarstyrkurinn áfram fyrir þeim kostnaði, sem konur þurfa að greiða á fæðingardeild Landspítalans, en þar eru daggjöld hæst. Áætlað er, að auk þessarar hækkunar fæðingarstyrks, sem nemur 13.7%, nægi áður nefndar 60 millj. kr. til að hækka aðrar bætur lífeyristrygginga um 5.2%. Útgjöld slysatrygginga munu aukast vegna tilsvarendi hækkunar bóta, og lítils háttar hækkun mun verða á útgjöldum sjúkratrygginga vegna hækkunar sjúkradagpeninga.

Takmörkun sú á hækkun bóta, sem skirskotað er til með orðunum „eftir því sem við getur átt“ í 2. málsg. 1. gr., snertir þær bætur, sem ekki eru inntar af hendi í peningum, svo sem sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, enn fremur kaup og aflahlut, sbr. 39. gr. laga nr. 40/1963, og bætur frjálsra trygginga, sem ákvarðast af frjálsum samningi milli aðila. Sé hámark eða lágmark heimildarbóta tiltekið, hækka slík mörk, en um hækkun einstakra bótagreiðslna, sem fullnægja lágmarksákvæðum, fer eftir ákvörðun þeirra aðila, sem úrskurðarvald eiga í því efni.